

Fundargerð
Fundur réttarfarsnefndar 25. apríl 2023.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 25. apríl 2023 kl. 15:30 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Þá sat fundinn Hákon Þorsteinsson (HP) lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti og ritaði jafnframt fundargerð. Fjalar Sigurðarson (FS) upplýsingafulltrúi dómsmálaráðuneytisins sat einnig fyrsta hluta fundarins.

ÁÓ setti fundinn.

Í upphafi fundarins kynnti FS tillögu að uppsetningu vefsíðu réttarfarsnefndar á heimasíðu ráðuneytisins. Var samþykkt að nota þá síðu sem kynnt var og að hún yrði aðgengileg innan nokkurra daga. Í kjölfar kynningarinnar vék FS af fundi.

Þá var fundargerð síðasta fundar nefndarinnar samþykkt.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómsmálaráðuneytisins.

- 1) *Áfrýjun sakamáls, sbr. 198. gr. laga um meðferð sakamála.*
Nefndarmenn lásu saman yfir drög að umsögn til ráðuneytisins og samþykktu hana. Ákveðið var að umsögnin yrði send ráðuneytinu í kjölfar fundarins.
- 2) *Aðgangur verjenda að gögnum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008.*
Nefndarmenn ræddu um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum. Stefnt var að því að vinna drög að umsögn á milli funda og lesa hana yfir á næsta fundi nefndarinnar.
- 3) *Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.*
Beðið er frekari upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Umræður voru um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.
- 4) *Framkvæmd húsléita á lögmannsstofum.*
Umræður voru um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum og fræðiskrif um málefnið. Ákveðið var að málefnið yrði unnið á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.
- 5) *Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga um meðferð sakamála.*
Umræður voru um fyrirkomulag slíkra skýrslugjafa á hinum Norðurlöndunum og rætt var um þær leiðir sem þar eru farnar og þær bornar saman við framkvæmdina hér á landi. Ákveðið var að málefnið yrði unnið á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði kl. 15.30 hinn 6. júní 2023 í húskynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17:20.

HP.